

Ed.

411. Frumvarp

til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Eins og það var samþykkt við 3. umr. i Nd.

1. gr.

Styrktarsjóð skal stofna handa barnakennurum landsins. Stofnfé hans, 5,000 krónur, leggur landssjóður til.

2. gr.

Hver sá kennari, er ráðinn er til kenslutarfa eftir lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1902, greiðir í sjóðinn á hverju ári 1% af kennaralaunum sínum.

3. gr.

Sjóðurinn fær 1,000 kr. styrk úr landssjóði á hverju ári.

4. gr.

Þriggja manna nefnd skal stjórna styrktarsjóð þessum undir yfirumsjón landstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónarmaður fræðslumálanna, forstöðumaður kennaraskólans, og hinn þriðji maður, er stjórnarráðið til þess kys.

5. gr.

Því að eins getur kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sé styrkþurfi; hann skal og hafa verið barnakennari að minsta kosti í 10 ár og hafa greitt tillag til sjóðsins að minsta kosti í 3 ár, nema hann hafi orðið að láta af kenslustörfum sakir heilsubilunar.

6. gr.

Eigi skal verja til styrkveitinga nema vöxtum sjóðsins, þangað til hann er orðinn 20,000 kr., en síðan $\frac{3}{4}$ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðru vísi sé ákveðið af gefanda.

7. gr.

Nánari reglur um starfsemi sjóðsins, innheimtu, styrkveiting og reikningsskil semur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið tillögu þar um frá forstöðunefnd hans.